



FUNDARGERÐ
42. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 6. október 2025
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Á haustfund Odda mæta einnig:

Kristín Ósk Ómarsdóttir embættismaður

Ingigerður Stefánsdóttir embættismaður

Jónas Bergmann Magnússon embættismaður

Kristinn Ingi Guðnason embættismaður og áheyrnarfulltrúi

Hrafnhildur Andrésdóttir áheyrnarfulltrúi

Fríða Björg Þorbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi

Jóhanna Hlöðversdóttir áheyrnarfulltrúi

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi

Elín Grétarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Dagný Ósk Bjargardóttir áheyrnarfulltrúi

Dagskrá:

1. Íslenska æskulýðsrannsóknin 2025 - 2501022

Á fundinn mætir Halldóra G. Helgadóttir teymisstjóri Félags- og skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslum og fer yfir niðurstöðu Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í grunnskólum Odda bs. 2025.

Stjórn þakkar Halldóru fyrir upplýsingarnar. Lagt til að grunnskólarnir rýni niðurstöðurnar með stjórn Odda bs.

2. Mannauðsmál skólanna - 2509090

Í upphafi skólaárs er gert ráð fyrir að skólastjórar geri fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun og endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Skólastjórar leik- og grunnskóla fóru yfir starfsmannamál og áætlanir um endur- og símenntun og lögðu fram gögn til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Einnig fóru þeir yfir fjölda nemenda við hvern skóla. Alls eru 277 börn í grunnskólum haustið 2025 en voru 273 haustið 2024 og 119 börn í leikskólunum haustið 2025 en voru 119 haustið 2024.

3. Aðstaða og búnaður skólanna - 2509091

Árlega er gert ráð fyrir að skólastjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnæði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluhátta og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.


Skólastjórar leik- og grunnskóla greindu frá stöðu mála varðandi búnað og aðstöðu og fóru yfir atriði sem snúa að þróun skólastarfsins. Þá lögðu þeir fram gögn um þessi atriði til kynningar sem fylgja með fundargerðinni. Nánar verður unnið með þessi atriði nú þegar vinna við fjárhagsáætlun Odda bs fyrir næsta ár er hafin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson







Dagný Ósa Bjargardóttir

Jóhanna Hlökkverslóttir


Ólafur Hilmarsson Anelsteinsd.

Jóna Stefánsdóttir

Kristinn Ólafur Ólafsson

Friða Björg Þorbjörnsd.

Elín Grétarslóttir


Kristinn Ingi Austmar